Ágætu fundarmenn, kæru félagar, velunnarar og aðrir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á 42. aðalfund LS og þakka ykkur fyrir að gefa ykkur tíma til að taka þátt í starfi samtakanna. Aðalfundurinn er mikilvægasti vettvangur okkar til að líta yfir farinn veg, ræða stöðuna af hreinskilni og ákveða sameiginlega hvert við ætlum að stefna. Hér mótum við framtíðarsýn okkar á jafnræðis- og lýðræðisgrundvelli. Ályktanir síðasta aðalfundar voru mér ómissandi veganesti á fyrsta ári mínu sem formaður og á næstu tveimur dögum þurfum við aftur að marka skýra stefnu fyrir verkefnin sem framundan eru.

Ég get ekki sagt annað en að liðið ár hafi verið viðburðaríkt. Þegar ég tók að mér formennskuna hafði ég ef til vill ekki gert mér fyllilega grein fyrir því hversu umfangsmikið starfið er. Auk fundarhalda, nefndarsetu og umsagnaskrifa hafa reglulega komið upp ýmsir eldar sem þurft hefur að slökkva.

Einn þeirra voru áform Samgöngustofu um að skylda skipstjóra dagróðrabáta til að lögskrá sig og áhöfn sína fyrir hvern róður og afskrá aftur í lok dags. Slík framkvæmd hefði skapað óþarfa vinnu og óvissu, bæði fyrir okkur sjómenn og þá sem sinna öryggisvöktun. Við brugðumst hart við þessu og svo varð úr að áformin voru sett á ís, vonandi til frambúðar.

Eins kallaði björgunarbátamálið á mikla samhæfingu milli LS, Samgöngustofu og skoðunarstöðva eftir að tvær skoðunarstöðvar misstu starfsleyfi sín. Þar þurfti að bregðast hratt við til að draga úr röskun og verja hagsmuni félagsmanna.

Stefnumálin í sjávarútvegi

Mest hefur þó mætt á okkur í stefnumálum sjávarútvegsins. Það væri synd að segja að undanfarið ár hafi einkennst af lognmollu. Umræðan hefur verið hörð á köflum og hagsmunirnir miklir, en LS hefur staðið fast á sínu: að verja fjölbreytileika útgerðar, byggðafestu og raunhæf rekstrarskilyrði smábáta.

Við höfum meðal annars beitt okkur í umræðunni um grásleppu og kvótakerfið. Nú er ég meðvitaður um að þetta hefur verið bitbein innan LS um árabil, og endurtek það sem ég hef oft sagt áður: ég tek sjálfur ekki afstöðu í þessu máli heldur vinn eftir samþykktum aðalfundar. En það er

sama hvaða afstöðu maður tekur: að ná tegund út úr kvóta var stjórnsýslulegt afrek, sem sýnir hversu gríðarsterkur slagkraftur okkar er.

Okkur tókst jafnframt að stöðva afnám línuívilnunar, en frumvarp þess efnis leit dagsins ljós snemma á seinasta vori. Það var hvorki átakalaust né sársaukalaust og kostaði því miður það að við vorum tilneydd til að gagnrýna störf og stefnu eins af okkar dyggustu stuðningsmönnum innan ríkisstjórnarinnar. En hjá því var ekki komist því línuívilnun skiptir of miklu máli, ekki aðeins fyrir einstaka báta heldur einnig fyrir þau byggðarlög þar sem línuveiðar hafa lengi verið mikilvægur hluti atvinnulífsins. Svo fór að lokum að horfið var frá þessu frumvarpi, sem sýnir að samstaða, málefnalegur málflutningur og grjóthörð eftirfylgni skila árangri. Engu að síður er línuívilnun enn í gjörgæslu hjá okkur, en með tíð og tíma efast ég ekki um að okkur takist að byggja hana upp á ný.

Strandveiðivertíðin var sú stærsta frá upphafi. Rúmlega 14.000 tonna pottur skilaði okkur 42 veiðidögum og fiskverð í hæstu hæðum. Vertíðin staðfestir enn á ný mikilvægi strandveiða fyrir sjómenn, hafnir og samfélög um land allt. Um leið sýndi hún hversu lítið – í raun sorglega lítið – vantar upp á pottinn til að tryggja raunhæfan rekstrargrundvöll strandveiðiútgerða.

Vertíðin sýnir vel hvernig ávinningurinn af strandveiðum dreifist víða um samfélagið. Þegar sjómenn fá svigrúm til að afla tekna skilar það sér ekki aðeins til þeirra sjálfra, heldur líka til vélaverkstæða, bátasmiða, birgja og fjölmargra starfa í sjávarbyggðum um land allt. Þetta er skýr vísbending um að potturinn hafi verið of lítill árum saman: um leið og örlítið svigrúm skapast fara menn loksins að sinna nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun báta sinna. Strandveiðar eru því ekki bara atvinnuvegur einstakra sjómanna heldur öflug innspýting í byggðir landsins.

Hafró og ráðgjöfin

En talandi um svigrúm: það er alls óvíst að við fáum aftur jafn góða vertíð á næsta ári. Nú er planið raunar að taka af okkur þann litla sveigjanleika sem við höfðum. Um árabil gátu stjórnvöld bætt við 5,3% kerfið þegar fyrirséð var að heimildir dygðu ekki út vertíðina.

Þessi heimild var hins vegar tekin af okkur í kjölfar stjórnsýslukæru sem Ísfélagið beindi til umboðsmanns Alþingis fyrir rúmu ári. Félagið hélt því fram að allar viðbætur við 5,3% kerfið, án samsvarandi viðbótar í almenna aflamarkskerfið, brytu gegn jafnræðisreglunni. Samkvæmt þeim rökum ættu 1.000 tonn til strandveiða að kalla á um 19.000 tonna viðbót í stóra kerfið

Afleiðingin varð sú að flotinn var rekinn í land 17. júlí 2025 og þurfti síðan að taka 2.700 tonna lán úr eigin framtíð til að ná inn í ágúst í sumar sem leið. Lánið var kannski kúlulán, en einskiptisaðgerð engu að síður sem verður ekki endurtekin. Úrræðið sem komst næst því að tryggja okkur 48 daga vertíð var tekið af smábátunum og í staðinn fengum við yfirdrátt. Fyrir þá sem eru að velta því fyrir sér, hvers vegna 2.700 tonn? Hvers vegna ekki þægilegri tala eins og 3.000 tonn? Þetta er meðaltal framúrkeyrslu undanfarinna ára – svigrúmið sem er nú gufað upp.

En á hvaða forsendum á að draga úr þessu svigrúmi til okkar? Er það til þess að halda MSC vottun? Nei, MSC hefur ekki gert neinar athugasemdir við þetta. Engu að síður á að róa öllum árum að því að veiðar á þorski komist eins nálægt ráðgjöf hafró og unnt er. Og þá standa smábátar fyrstir í skotlínu.

Þó höfum við ítrekað bent á að leikreglur smábáta eru ekki þær sömu og stærri skipa. Frekar en að herða enn frekar á spennitreyju smábátanna ættu stjórnvöld að einbeita sér að framúrkeyrslu í stóra kerfinu. Þá er ég ekki bara að tala um skipulagða og ódýra hráefnisöflun í gegnum VS-afla – eina framúrkeyrslan sem Hafró skráir – heldur líka ísprósentusvindl, falsaðar VOR skýrslur, óskráðan fiskidauða sökum brottkasts eða fisk sem skaddast og deyr við veiðar, og heimavigtun.

Eins og einn mætur félagsmaður sagði við mig nýlega: „Ef strandveiðiflotinn fengi leyfi til að vigta eigin afla væri 10.000 tonna pottur yfirdrifið nóg!“

Við vitum þetta. **Stjórnvöld** vita þetta. Meira að segja **stórútgerðin** veit þetta. Hvað er það þá sem veldur því að ekki megi losa um eitt gat á

spennitreyju smábátanna á meðan stórútgerðin leikur lausum hala? Svarið er einfalt: það er Hafró.

Flestir sjávarlíffræðingar geta svarað, með afgerandi hætti, spurningunni: „Er munur á kyrrstæðum og botndregnum veiðarfærum?“ Yfirleitt byrja svörin eins: „Þú þarft nú ekki doktorsgráðu í sjávarlíffræði til að sjá það.“ En ekki fræðimenn Hafró. Þeir verða iðulega eins og kettir í kringum heitan graut þegar spurningin um umhverfisáhrif ólíkra veiðarfæra ber á góma. Erfitt hefur reynst að fá skýra afstöðu stofnunarinnar hvað veiðarfæri varðar þó svo að vísindin séu kýrskýr.

Hafró veit vel að ástæða þess að íslenskir kaldsjávarkóralar séu komnir á válista sé vegna dreginna veiðarfæra. Eins er það óumdeilt að eldsneytisnotkun smábáta per veitt tonn er brot af notkun togara. Hvað ráðgjöfina varðar þá rígheldur Hafró í þá hugmynd að tonn úr sjó er sama og tonn úr sjó þó að fjölmargar rannsóknir hafi sýnt fram á að töluvert magn af fiski fer undir grjóthoppara og skaddast eða deyr en skilar sér ekki sem afli

Svona lydduskapur getur haft stórkostlegar afleiðingar fyrir pólitíska orðræðu. Skoðum tvö dæmi um það.

Dæmi 1: Hafró gefur út 0 ráðgjöf á djúpkarfa sem hún telur í bráðri útrýmingarhættu. Ráðherra gefur út 3.800 tonna kvóta á djúpkarfa framyfir núllráðgjöf. Viðbrögð forstjóra Hafró: „Við förum ekkert endilega í þunglyndi þótt ráðgjöf okkar sé ekki fylgt í einu og öllu.“

Dæmi 2: Hafró gefur út 203.822 tonna ráðgjöf í þorski sem hún telur standa vel í sögulegu tilliti. Ráðherra leggur til 2.700 tonna einskiptisaðgerð þar sem strandveiðiflotinn fái lán úr eigin framtíð. Viðbrögð forstjóra Hafró: „Líkur á að þetta sé alls ekki sjálfbært.“

Er nokkur furða að trillukarlar skynji slagsíðu innan stjórnkerfisins, stórútgerðinni í hag?

Verkefnin fram undan

Engu að síður er ég bjartsýnn á framtíðina. Fram undan bíða vissulega krefjandi verkefni. Stærsta verkefnið er að breyta því mikla félagslega kapítali sem við búum yfir í pólitískt kapítal. Þjóðin stendur með okkur:

72,3% styðja strandveiðar. Það ferðast enginn Íslendingur um landið, sér höfn sem iðar af lífi, og hugsar með sér: „Mér er alveg sama þótt þetta leggist af.“ Við höldum á lofti arfleið sem er Íslendingum kær. Og það sem meira er: við erum menningarverðmæti sem kosta ekki krónu, heldur borga með sér.

En áhuginn á okkar málstað teygir sig langt út fyrir landsteinana.

Í sumar hafði Landssambandið vart undan að svara erlendum fjölmiðlum sem vildu heyra hvað við höfðum að segja og miðla málstaðnum okkar til áhorfenda sinna. Þessi áhugi er engin tilviljun, heldur er hann tilkominn vegna þess að við höfum góðan málstað að verja.

Nú þurfum við að fá stjórnvöld til að skilja styrk þessa stuðnings og breyta honum í pólitískar ákvarðanir sem tryggja smábátum þann sess sem þeir eiga skilið. Ég er fullviss um að okkur verði ágengt í því.

Ég vil enda þessar bjartsýnisspár á örstuttri tilvitnun. Andstæðingar okkar hafa gert mikið úr grein sem Daði Már Kristófersson skrifaði árið 2021 þar sem strandveiðum er lýst sem efnahagslegri sóun. Það sem þetta góða fólk sleppir að nefna eru orðin sem látin voru falla í umræðukafla þessarar sömu greinar, en þar segja höfundarnir að:

„Íslenskar strandveiðar eru nú ómissandi þáttur í mörgum sjávarbyggðum á landsbyggðinni. Þær blása lífi í byggðarlög og hafnir og skapa jafnframt afleidd störf. Strandveiðar hafa eflt mörg þessara samfélaga og hafna þeirra…

Strandveiðarnar eru komnar til að vera. Þær njóta trausts pólitísks stuðnings og óhugsandi væri að leggja þær af, ekki síst vegna þess að strandveiðisjómenn og aðrir smábátaeigendur eru öflugur hagsmunahópur.“ Þetta, kæru félagar, er kjarni málsins!

Ég ætla að ljúka máli mínu einmitt á þessum nótum. Ég hef verið svo lánsamur að hafa einvalalið með mér í stjórn, og vil ég þakka þeim kærlega fyrir allt það sem þeir hafa lagt af mörkum. Eins vil ég þakka öllum þeim félagsmönnum og velunnurum sem hafa lagt hönd á plóg á árinu. Símtölin sem ég fæ frá félagsmönnum hafa reynst mér ómetanleg gullnáma af upplýsingum.

Og síðast en ekki síst ætla ég að beina þakklæti mínu til Arnar Pálssonar. Framlag hans í réttindabaráttu smábátasjómanna er ómetanlegt. Sagt er að enginn sé ómissandi – en Örn Pálsson kemst helvíti nálægt því. Ég er þakklátur fyrir árið sem ég fékk að starfa við hlið hans og kem til með að sakna hans mikið.

Við þurfum þó ekki að örvænta, því okkur hefur borist kraftmikill liðsauki í nýjum framkvæmdastjóra, Bryndísi Björnsdóttur.

Ég hvet okkur öll til að nýta þennan fund vel, ræða málin af festu og virðingu og ganga héðan með skýra sýn á næstu skref. Munum hvatningarorða Daða Más: „**smábátaeigendur eru öflugur hagsmunahópur**.“

Takk fyrir.